

# Lyfjakostnaður sjúkratrygginga 2016

## Lyfjakostnaður sjúkratrygginga 2016

### Almenn lyf

Lyfjakostnaður Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) vegna almennra lyfja, þ.e. vegna lyfja sem ekki eru S-merkt nam 8.362 milljónum króna árið 2016. Kostnaðurinn lækkaði um 195 milljónir króna eða um 2,3% frá fyrra ári.

Lyfjanotkun mæld í fjölda skilgreindra dagsskammta (DDD) jókst um 5,3% milli áranna 2015 og 2016.

Lyfjaverðskrárgengi evru var að meðaltali 136,69 krónur árið 2016 en 148,25 krónur árið 2015. Gengisbreytingin veldur því allt að 7,8% verðlækkun milli ára auk þess sem verðlækkunarir voru vegna ákvarðana Lyfjagreiðslunefndar og með tilkomu samheitalyfja.


### S-merkt og leyfis skyld lyf

Lyfjakostnaður sjúkratrygginga vegna S-merktra lyfja nam 7.251 milljónum króna árið 2016. Kostnaðurinn jókst um 685 milljónir króna eða 9 % frá fyrra ári. Það skýrist fyrst og fremst af nýjum og sérhæfðum lyfjum sem mörg hver eru mjög dýr.

*Lyfjagæild Sjúkratrygginga Íslands, nóvember 2017*


## Almenn lyf

Mynd 1 Lyfjakostnaður sjúkratrygginga 2007-2016




Á mynd 1 sést að lyfjakostnaður sjúkratrygginga lækkaði um tæpar 200 milljónir króna milli ára 2015 og 2016 sem skýra má vegna gengisstyrkingar krónunnar, verðendurskoðunar Lyfjagreiðslunefndar og með tilkomu nýrra samheitalyfja. Á árunum 2013 til 2015 hefur lyfjakostnaður hins vegar aukist um rúm 2% á ári.

**Mynd 2 Lyfjanotkun mæld í fjölda DDD 2007-2016**



Lyfjanotkun hefur verið að aukast talsvert mikið á undanförunum árum. Á milli árunna 2013 og 2014 fækkaði skilgreindum dagskömmtum (DDD) um 4,1% en þeim fjölgaði svo um 10,9% á milli 2014 og 2015 og svo um 5,3% á milli áruna 2015 og 2016.

**Mynd 3 Lyfjakostnaður sjúkratrygginga eftir lyfjaflokkum 2014-2016**




Tafla 1 Lyfjakostnaður sjúkratrygginga 2014-2016, millj. kr.

ATC-flokkar	Lyfjakostnaður Sí: milljónir kr.			Breyting 2015-2016	
	2014	2015	2016	milljónir kr	%
A	1.157	1.181	1.223	42	4%
B	437	555	685	130	23%
C	924	907	885	-22	-2%
D	126	123	118	-4	-4%
G	573	589	582	-8	-1%
H	255	264	248	-16	-6%
J	113	115	118	4	3%
L	398	446	423	-22	-5%
M	338	344	319	-24	-7%
N	2.840	2.763	2.570	-192	-7%
P	10	9	9	0	0%
R	968	1.004	917	-87	-9%
S	206	209	205	-4	-2%
V	46	50	59	8	17%
<b>Samtals</b>	<b>8.389</b>	<b>8.557</b>	<b>8.362</b>	<b>-195</b>	<b>-2%</b>

Kostnaður sjúkratrygginga hefur lækkað um 195 milljónir króna eða um 2% á milli árána 2015 og 2016. Mestur er kostnaður vegna tauga- og geðlyfja eða um 2,6 milljarðar króna. Kostnaður í þessum flokki hefur þó lækkað um 192 milljónir kr. milli árána 2015 og 2016. Mest jókst kostnaður milli 2015 og 2016 í flokki blóðlyfja en þar jókst kostnaður sjúkratrygginga um 130 milljónir eða 23%. Kostnaður í þessum flokki hefur aukist um 57% frá árinu 2014, helsta skýringin á þessum kostnaðarauka er tilkoma nýrra segavarnarlyfja.

Mynd 4 Lyfjanotkun (mæld í þúsundum skammta, DDD) 2014-2016



**Tafla 2 Lyfjanotkun (mæld í þúsundum skammta, DDD) 2014-2016**

ATC-flokkar	Þús. DDD			Breyting (2015-2016)		
	2014	2015	2016	Þús. DDD	%	
A	Meltingarfæra- og efnaskiptalyf	15.628	17.832	19.354	1.522	8,5%
B	Blóðlyf	9.185	11.145	12.203	1.058	9,5%
C	Hjarta-og æðasjúkdómalyf	39.990	43.205	44.809	1.604	3,7%
D	Húðlyf	433	457	501	44	9,7%
G	Þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf og kynhormónar	12.480	13.242	13.207	35	-0,3%
H	Hormónalyf, önnur en kynhormónar	4.649	5.003	5.208	205	4,1%
J	Sýkingalyf	2.397	2.582	2.672	89	3,5%
L	Æxlishefjandi lyf og lyf til ónæmistemprunar	1.199	1.345	1.413	68	5,1%
M	Vöðvasjúkdóma- og beinagrindarlyf	5.826	6.197	6.495	298	4,8%
N	Tauga- og geðlyf	31.622	36.415	38.801	2.386	6,6%
P	Sníklalyf (skordýraeitur og skordýrafælur)	186	204	211	8	3,8%
R	Öndunarfæralyf	10.105	10.821	11.489	669	6,2%
S	Augn-og eyrnalyf	1.623	1.654	1.698	44	2,7%
V	Ýmis lyf	15	14	11	3	-18,3%
<b>Samtals</b>		<b>135.340</b>	<b>150.116</b>	<b>158.075</b>	<b>7.959</b>	<b>5,3%</b>

**Tafla 3 Kostnaðarsömustu einstöku lyfjaflokkarnir 2014-2016**

ATC-flokkur	Kostnaðarsömustu lyfjaflokkarnir	Lyfjakostnaður SÍ, milljónir kr.			Breyting 2015-2016	
		2014	2015	2016	milljónir kr.	%
N06B	Örvandi lyf, lyf notuð við ADHD og lyf sem efla heilastarfsemi	762	765	799	33	4%
R03A	Adrenvirk lyf til innúðunar	569	589	529	60	-10%
B01A	Segavarnalyf	335	427	517	90	21%
N03A	Flogaveikilyf	581	545	423	122	-22%
N06A	Þunglyndislyf (antidepressiva)	403	424	386	39	-9%
N05A	Geðrofslyf (neuroleptica/ antipsychotica)	482	422	372	50	-12%
A10B	Blóðsykurslækkandi lyf nema insúlín	280	301	328	26	9%
A10A	Insúlín og skyld lyf	290	297	287	11	-4%
A02B	Lyf við sársjúkdómi og maga- og vélindis bakflæði	262	268	279	11	4%
L04A	Lyf til ónæmisbælingar	247	248	273	25	10%
M01A	Bólgueyðandi lyf, nema barksterar	227	235	212	23	-10%
N02A	Ópíóíðar	195	191	203	12	6%
R03B	Önnur lyf til innúðunar gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi	220	222	200	22	-10%
C07A	Beta-blokkarar, óblandaðir	181	180	173	7	-4%
C10A	Lyf til temprunar á blóðfitu	178	175	165	11	-6%
G04B	Önnur þvagfæralyf, þ.á.m. krampalosandi lyf	142	150	153	3	2%
N04B	Dópamínvirk lyf	171	171	149	22	-13%
B03B	Vítamín B12 og fólínsýra	68	97	125	28	29%
S01E	Gláku- og ljósopsprengjandi lyf	134	132	120	11	-9%
A07E	Lyf gegn þarmabólgu	120	118	118	0	0%
G03C	Östrógen	111	110	111	1	1%
H02A	Barksterar, óblönduð lyf, einnig til staðbundinnar innstungu	115	119	108	11	-9%
G04C	Lyf við góðkynja blöðruhálskirtilsstækkun	96	115	105	9	-8%
L02A	Hormónar og skyld efni	92	97	92	5	-5%
G03B	Andrógen	83	87	87	1	-1%

Eins og undanfarin ár er kostnaður mestur vegna lyfja við ADHD (ofvirkni og athyglisbresti) en notkun þessara lyfja hefur aukist stöðugt undanfarinn áratug, ekki síst meðal fullorðinna. Kostnaður vegna

lyfja við ADHD nam 799 milljónum króna árið 2016 sem er um 33 milljón kr. aukning frá fyrra ári eða um 4% aukning.

Kostnaður jókst mest í flokki segavarnalyfja en þar hefur kostnaðurinn hækkað um 90 milljón kr. frá fyrra ári eða um 21%.

Í öðrum af þessum lyfjaflokkum jókst kostnaður hlutfallslega mest í flokki vítamína B12 og fólínsýru en þar jókst kostnaður um 28 milljónir kr.

Mesta lækkunin var í flokki flogaveikilyfja. Þar hefur kostnaður lækkað um 122 millj.kr eða um 22% frá fyrra ári.

**Tafla 4 Kostnaðarsömustu lyfin flokkuð eftir innihaldsefnum árin 2014 – 2016**

ATC-flokkur	Innihaldsefni lyfs	Kostnaður sjúkratryggina, milljónir kr.			Breyting 2015-2016	
		2014	2015	2016	milljónir kr.	%
N06BA04	Metýlfenidat	583	585	613	28	5%
B01AF01	Rivaoxaban	83	154	209	55	36%
R03AK06	Salmeteról og önnur lyf gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi	268	274	203	-71	-26%
A02BC05	Esómeprazol	102	124	146	23	18%
N06BA09	Atómoxetín	134	139	142	3	2%
R03AK07	Formóteról og önnur lyf gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi	176	144	134	-10	-7%
R03BB04	Tiótrópíum	123	122	108	-14	-12%
C07AB02	Metóprólól	113	112	106	-6	-6%
A10AE04	Insúlín glargín	89	96	98	2	2%
N03AX12	Gabapentín	103	116	96	-20	-17%
L04AD02	Tacrólímus	109	99	93	-6	-6%
N03AX16	Pregabalín	209	182	90	-92	-51%
N05AH04	Quetiapín	103	94	90	-4	-5%
G03BA03	Testósterón	83	87	86	-1	-1%
R03AC02	Salbútamól	77	81	86	5	6%
A10BX07	Liraglútið	48	67	85	18	28%
A07EC02	Mesalazín	86	85	84	-1	-1%
G03CA03	Östradíól	72	77	83	5	7%
A10BA02	Metformín	75	78	78	-0	0%
A10AB05	Insúlín aspart	67	76	78	2	2%
B03BA03	Hýdroxókóbalamín	33	56	77	21	37%
B01AE07	Dabigatranum etexílat	90	89	75	-14	-16%
N03AX14	Levetiracetem	105	90	74	-16	-18%
M01AH05	Etóricoxíð	52	65	73	8	12%
L02AE03	Góserelín	71	76	72	-3	-4%

## Lyfjaskírteini

Sjúkratryggingar Íslands hafa heimild til að gefa út lyfjaskírteini sem veita greiðsluþátttöku í lyfjum sem annars hafa ekki greiðsluþátttöku. Lyfin fá þá almenna greiðsluþátttöku (G-merkingu) og falla undir greiðsluþreppin. Þegar um er að ræða líknandi meðferð í heimahúsi, lokastignýrnabilun eða alvarlegan geðrofssjúkdóm eru gefin út lyfjaskírteini með 100% greiðsluþátttöku sjúkratrygginga.

Lyfjaskírteini er gefið út að fenginni umsókn læknis, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt vinnureglum sem Sí gefa út.

## Fjöldi umsókna um lyfjaskírteini

Umsóknir um lyfjaskírteini voru alls 21.874 á árinu. Samþykktar voru 17.821 umsóknir en 4.053 var synjað.

**Tafla 5 Algengustu lyfin sem einstaklingar fengu lyfjaskírteini fyrir**

ATC-flokkur	Innihaldsefni lyfs	Fjöldi einstakl.
N06BA04	Metýlfenídat	6010
A02BC05	Esómeprazól	725
N06AX12	Búprópíón	647
N06BA09	Atómoxetín	520
N06AX21	Dúlozetín	399
N05CH01	Melatonin	374
N03AX16	Pregabalín	309
C10AA07	Rósuvastatín	189
G02BA03	Levonorgestrel	185
A10BX07	Liraglútið	152
N02BE01	Paracetamól	131
N06AX26	Vortiozetín	126
N06BA07	Módafíníl	113
C01BD07	Dronedaroni	111
V01AA02	Ofnæmisvaki, grasfrjó	103
N05AX12	Aripíprazpól	89
N06BA01	Amfetamin Glostrup	83
A03AA07	Dícýklóvírín	80
C03DA04	Eplerenón	76
C09CA06	Candesartan	75
A11EA	Multivit B forte	73
N07XX07	Fampridine	70
C10AX09	Ezetímíb	63
A02BC04	Rabeprazól	56
C09DA06	Candesartan og þvagræsilyf	53




## Yfirlit yfir valin lyf og lyfjaflokka.

Hér á eftir verður fjallið stuttlega um kostnaðarsömustu lyfin og lyfjaflokkana.

### Örvandi lyf, lyf notuð við ADHD og lyf sem efla heilastarfsemi (ATC-flokkur N06B)


Kostnaðarsamasti lyfjaflokkurinn árið 2016 eru örvandi lyf, lyf notuð við ADHD og lyf sem efla heilastarfsemi (ATC-flokkur N06B). Metýlfenídat er kostnaðarsamasta lyfið í þessum flokki og jafnframt kostnaðarsamasta lyf sjúkratrygginga. Kostnaður vegna þessara lyfja nam 799 milljónum kr. árið 2016, þar af 613 milljónir kr. vegna metýlfenídats.

**Mynd 5 Kostnaður sjúkratrygginga vegna metýlfenídatlyfja (N06BA04)**



Þrátt fyrir gengisstyrkingu krónunnar sem og með tilkomu nýrra samheitalyfja þá hefur kostnaður vegna metýlfenídats aukist. (sjá mynd 5)


**Mynd 6 Notkun metýlfenídátlyfja (mæld í þúsundum skammta, DDD)**



### Umsóknir um lyfjaskírteini vegna metýlfenídát

Alls hafa 352 lækna sótt um lyfjaskírteini fyrir metýlfenídát á árinu 2016 fyrir 6010 einstaklinga.

**Mynd 7 Hlutfall af heildarfjölda umsókna vegna metýlfenídát niður á lækna á árinu 2016**




Eins og sjá má á mynd 5 þá eru það 27 lækna sem eiga um 63% af heildarfjölda umsókna vegna metýlfenídats. Skipting á þessum læknum er 11 geðlækna, 4 barna- og unglingageðlækna, 6 barnalækna, 5 barna- og taugalækna og 1 heimilislækna. Flestar samþykktar umsóknir eru frá einum geðlækni eða 451 sem er um 7,5 % af heildarfjölda umsókna fyrir metýlfenídát. Næst þar á eftir er barna- og unglingageðlækna með 4,7% eða 285 umsóknir.


## Adrenvirk lyf til innöndunar

Kostnaður hefur haldist nokkuð svipaður undanfarin ár sem og fjöldi dagskammta. Kostnaður vegna adrenvirkra lyfja hefur þó lækkað frá árinu 2015 um 10%. Dagskammtar hafa hins vegar aukist um 3% á milli ára og má helst skýra það með gengisstyrkingu krónunnar.

**Mynd 8** Kostnaður sjúkratrygginga vegna adrenvirkra lyfja til innöndunar (ATC-flokkur R03A)




**Mynd 9** Notkun adrenvirkra lyfja (mæld í þúsundum skammta, DDD)



## Segavarnarlyf (ATC-flokkur B01A)

Kostnaður sjúkratrygginga vegna segavarnarlyfja (blóðþynningarlyfja) hefur margfaldast frá árinu 2012 með tilkomu nýrra blóðþynningarlyfja, þ.e Xarelto (rivaoxaban), Pradaxa (dabigatranum) og Eliquis (apixaban). Þessi lyfjaflokkur er núna orðinn þriðji kostnaðarsamasti lyfjaflokkurinn og lyfið rivaoxaban er orðið næst kostnaðarsamasta lyf sjúkratrygginga.

**Mynd 10 Kostnaður sjúkratrygginga vegna segavarnarlyfja (ATC-flokkur B01A)**



**Tafla 6 Kostnaðarsömuðu segavarnarlyfin**

ATC	Innihaldsefni (sérheiti)	Kostnaður Sí, þús.kr.			Breyting 2015-2016		Fjöldi notenda			Breyting 2015-2016
		2014	2015	2016	Kr.	%	2014	2015	2016	%
B01AF01	Rivaoxaban (Xarelto)	82.858	154.729	209.624	54.894	35%	820	1963	2233	14%
B01AE07	Dabigatranum etexilat (Pradaxa)	89.615	89.515	74.687	14.829	-17%	748	638	670	5%
B01AA03	Warfarín (Kóvar)	59.899	58.433	53.324	5.109	-9%	4234	3463	3556	3%
B01AB05	Enoxaparín (Klexane)	50.456	55.913	62.419	6.506	12%	1717	1793	2488	39%
B01AC04	Clópidrógel (Plavix, Grepid, Clopidogrel)	26.209	27.059	26.373	686	-3%	2219	2217	2496	13%
B01AF02	Apixaban (Eliquis)	978	17.724	58.666	40.942	231%	32	596	752	26%
B01AC07	Dípýrídámól (Persantín)	9.348	8.307	6.969	1.338	-16%	416	317	323	2%
B01AB04	Dalteparín (Fragmin)	6.478	6.369	10.193	3.824	60%	24	23	32	39%
B01AC24	Ticagrelor (Brilique)	4.010	5.776	8.315	2.539	44%	58	94	123	31%
B01AC22	Prasugrelum (Efient)	3.108	2.028	1.158	870	-43%	40	13	15	15%

## Prótónpumpuheimlar (ATC-flokkur A02BC)


Kostnaður sjúkratrygginga vegna prótonpumpuheimla (PPI lyf) hefur verið að aukast á undan förunum árum.

Kostnaður vegna þeirra á árinu 2016 nam um 272 milljónum króna. Kostnaðarsamasta lyfið í þeim flokki árið 2016 er esómeprazól og er það nú fjórða kostnaðarsamasta lyf sjúkratrygginga.


**Tafla 7 Kostnaður sjúkratrygginga vegna prótónpumpuheimla**

ATC	Innihaldsefni (sérheiti)	Kostnaður Sí, þús.kr.			Breyting 2015-2016		Fj. DDD		
		2014	2015	2016	Kr.	%	2014	2015	2016
A02BC01	Ómeprazól	90.009	82.008	66.845	-15.163	-18%	3.608	4.055	4.223
A02BC03	Lanzóprazól	4.636	3.687	3.008	- 679	-18%	88	96	97
A02BC04	Rabeprazól	57.942	52.923	55.736	2.813	5%	2.779	2.982	2.957
A02BC05	Esómeprazól	101.749	124.275	146.348	22.074	18%	2.663	3.423	4.196
<b>Samtals</b>		<b>254.335</b>	<b>262.893</b>	<b>271.937</b>	<b>9.045</b>	<b>3%</b>	<b>9.138</b>	<b>10.556</b>	<b>11.473</b>

**Mynd 11 Kostnaður sjúkratrygginga vegna prótónpumpuheimla**



## Mynd 12 DDD á árinu 2012 og 2016




Eins og sjá má á myndum 11 og 12 þá hefur orðið breyting á notkun PPI lyfja á undanförunum árum. Það sem gæti skýrt þessa breytingu er að komið hafa á markað samheitalyf sem innihalda esómeprazol og eru nú til pakningar sem hafa almenna greiðsluþátttöku í þessum flokki.

Af 725 umsóknum sem samþykktar voru vegna esómeprazol voru 510 umsóknir vegna sérlyfsins Nexium.

Alls hafa 176 læknar sótt um skírteini niður á sérlyfið Nexium á árinu 2016. Flestar umsóknirnar komu frá einum meltingarlækni eða 135 umsóknir, er hann því með um 26% af heildarfjölda umsókna vegna Nexium. Næstur þar á eftir er annar meltingarlæknir með um 6% af heildarfjölda umsókna.

## S-merkt og leyfisskyld lyf

Mynd 13 Kostnaður vegna S-merktra og leyfisskyldra lyfja 2009-2016



Kostnaður vegna S-merktra og leyfisskyldra lyfja hefur aukist á undanförunni ári. Það skýrist fyrst og fremst af nýjum og sérhæfðum lyfjum sem mörg hver eru mjög dýr. Þegar nýtt lyf eða ný ábending lyfs er samþykkt af Lyfjagreiðslunefnd má búast við að ekki náist jafnvægi í kostnaði fyrr en eftir þrjú ár. Á árinu 2015 voru 11 ný leyfisskyld lyf og nýjar ábendingar samþykktar og á árinu 2016 voru þau 24. Að hluta til er kostnaðaraukning ársins 2016 vegna lyfja sem innleidd voru á árunum 2014 – 2015.

Tafla 8 Kostnaðaraukning S-merktra og leyfisskyldra lyfja (tölur eru á föstu gengi (meðalgengi 2016)).

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Kostnaðaraukning m.kr.	-36	278	298	366	304	364	380	288	971
Kostnaðaraukning m.kr. ný lyf nema Inflectra	17	30	33	50	84	79	113	365	937
Kostnaðaraukning m.kr. gömul lyf	-53	248	265	316	220	284	267	-77	33
Kostnaðaraukning %	-1%	9%	9%	10%	7%	8%	8%	6%	18%
Kostnaðaraukning % ný lyf nema Inflectra	1%	1%	1%	1%	2%	2%	2%	7%	17%
Kostnaðaraukning % gömul lyf	-2%	8%	8%	9%	5%	7%	6%	-2%	1%

Taflan 8 sýnir kostnaðaraukninguna í milljónum kr., þó þannig að allar kostnaðartölur eru reiknaðar á föstu gengi, meðalgengi 2016. Allur kostnaður er færður á meðalgengi ársins 2016 og sú kostnaðaraukning sem eftir stendur notuð til að mæla magnaukningu milli ára. Kostnaðaraukningin er greind í tvennt, kostnaðaraukningu eldri lyfja og hins vegar kostnaðaraukningu nýrra lyfja (þriggja ára og yngri). Kostnaðaraukning vegna eldri lyfja (sem er í raun magnaukning) hefur dregist saman frá árinu 2015. Í töflunni sést að kostnaðaraukning á ári í gömlu S-lyfjum á árabílinu 2008-2014 eftir að leiðrétt hefur verið fyrir gengissveiflum hefði verið frá 2% kostnaðarminnkun og upp í 9% kostnaðaraukningu, yfirleitt þó nær efri mörkunum. Kostnaðaraukning vegna nýrra lyfja hefur aftur verið á bilinu 1-2%. Í heildina hefur kostnaðaraukningin verið allt að 10% á ári. Á árunum 2015 og 2016 er meira innleitt af nýjum lyfjum. Kostnaðaraukning af þeim sökum er 7% árið 2015 og 18% 2016.

Tafla 9 Kostnaðarsömustu S-merktu og leyfisskyldu lyfin 2016

Kostnaðarsömustu S-lyfin 2016		
ATC-flokkur	Sérheiti lyfs	milljónir kr.
L04AB04	Humira	417
L04AB01	Enbrel	410
L04AB02	Inflectra	378
L04AB02	Remicade	361
L01XC02	MabThera	252
N07XX09	Tecfidera	249
L01XC03	Herceptin	225
L04AB06	Simponi	225
B02BD02	Helixate NexGen	191
L04AA27	Gilenya	185
L04AX04	Revlimid	182
A16AB04	Fabrazyme	176
L04AA23	Tysabri	173
J06BA02	Nanogam	165
H01AC01	Omnitrope	134
L01XC07	Avastin	128
B03XA02	Aranesp	125
L04AA25	Soliris	118
J06BA02	Privigen	117
L01XC13	Perjeta	113
L02BB04	Xtandi	110
J05AR08	Eviplera	101
B06AC01	Cinryze	90
R03DX05	Xolair	83
J05AR06	Atripla	80
L02BX03	Zytiga	75
L04AC07	RoActemra	75
S01LA05	Eylea	73
H01CB02	Sandostatin Lar	69
J06BA02	Kiovig	69
B02BD02	Advate	68
L01XE04	Sutent	61
L03AB07	Avonex	55
L01XX32	Vortemyel	54
L03AA13	Neulasta	54
J05AB04	Copegus	51
L01BA04	Alimta	50
L01XE08	Tasigna	50
J06BA01	Gammanorm	50
L01XC14	Kadcyla	50
L01XE01	Glivec	48



## Skýringar

Allar kostnaðartölur í skýrslunni eru á verðlagi hvers árs fyrir sig en eru ekki uppreiknaðar á föstu verðlagi (utan töflu 8). Upplýsingar um kostnað og notkun apótekslyfja eru fengnar úr tölfræðigagnagrunni Sí sem í eru upplýsingar um notkun lyfseðilsskyldra lyfja sem afgreidd eru úr apótekum, en hvorki upplýsingar um lausasölulyf sem seld eru án lyfseðils né lyf sem notuð eru á sjúkrahúsum eða öðrum stofnunum. Upplýsingar um kostnað og notkun S-merktra og leyfisskyldra lyfja, þ.e. lyfja sem gefin eru á heilbrigðisstofnunum, Landspítalanum (LSH) og Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK) eða í tengslum við þessar stofnanir, t.d. inni á göngudeildum, koma frá þessum stofnunum. Sí greiða fyrir öll leyfisskyld lyf hvort heldur sjúklingar eru inniliggjandi eða ekki (á ekki við um LSH) en ekki fyrir almenn lyf og S-merkt fyrir inniliggjandi sjúklinga og fellur kostnaður vegna þeirra utan þessarar skýrslu.

Á mynd 13 er sýndur heildarkostnaður vegna S-merktra og leyfisskyldra lyfja skv. bókhaldi Sí. Tafla 9 sýnir heildarkostnað S-merktra og leyfisskyldra lyfja sem gefin eru bæði hjá hinum ýmsu stofnunum sem og afgreiddum úr apótekum. Í töflu 9 kann að gæta einhverjar ónákvæmni með kostnað því misjafnt er hvernig kostnaðurinn er skráður er í hinum ýmsu stofnunum. Í yfirliti yfir valda lyfjaflokka í almennum lyfjum kann að gæta örlítills misræmis við tölur í upphafi skýrslunnar eftir því hvort tölurnar eru fengnar úr tölfræðigrunni lyfja eða bókhaldskerfi stofnunarinnar.

Lyfjanotkun er mæld í fjölda DDD (skilgreindum dagsskömmtum). Skilgreindur dagsskammtur (DDD) miðast við skilgreiningar frá WHO Collaborating Centre (WHOC) for Drug Statistics Methodology, Norwegian Institute of Public Health. Fyrir þau lyf sem WHO hefur ekki úthlutað DDD er stuðst við skilgreiningar frá Lægemiddelstyrelsen í Danmörku. ATC-flokkun (Anatomical-Therapeutical-Chemical Classification) er flokkunarkerfi þar sem lyf eru flokkuð eftir því á hvaða líffærakerfi þeim er aðallega ætlað að hafa áhrif. Þannig er A flokkur (alimentary) meltingarfæra- og efnaskiptalyf, B flokkur (blood) blóðlyf o.s.frv. Einnig er hægt að flokka lyf nánar og er þá talað um 1., 2, 3., 4. og 5. stig ATC-flokkunar. Til skýringar má taka lyfið Cipramil og samheitalyfið Citalopram Bluefish. Þessi lyf eru sitt frá hvorum framleiðandanum en hafa sama innihaldsefni. Er þá talað um frumlyf og samheitalyf og lyfjaheitin teljast svokölluð sérlyfjaheiti. Innihaldsefni lyfjanna kallast hins vegar Cítalópram sem í þessu tilfalli er sama nafn og á frumlyfinu (svo er ekki alltaf). Lyf með þessu innihaldsefni hafa 5. stigs ATC-flokkun N06AB04.

5. stigs ATC-flokkur N06AB04: Cítalópram

4. stigs ATC-flokkur N06AB: Sérhæfðir serótónín endurupptöku hemlar

3. stigs ATC-flokkur N06A: Þunglyndislyf

2. stigs ATC-flokkur N06: Geðlyf

1. stigs ATC-flokkur N: Tauga- og geðlyf

ATC-kerfið myndar því tré þar sem hægt er að greina lyfin mismikið niður eftir þörfum. Hafa ber í huga að sama lyfið getur verið notað við ýmsum sjúkdómum, t.d. eru geðrofslyf stundum notuð við þunglyndi en teljast þó ekki til ATC-flokks þunglyndislyfja. Af þessari ástæðu þarf að túlka allar kostnaðartölur varlega.

*Lyfjadeild Sjúkratrygginga Íslands, nóvember 2017*